

25. Seyðisfjarðarkaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 440.00
— — 7 — — —	370.00
— — 15 — — —	440.00
— — 16 — — —	220.00

26. Suður-Múlasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 370.00
— — 7 — — —	300.00
— — 15 — — —	370.00
— — 16 — — —	185.00

27. Neskaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 440.00
— — 7 — — —	370.00
— — 15 — — —	440.00
— — 16 — — —	220.00

28. Austur-Skaftafellssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 370.00
— — 7 — — —	300.00
— — 15 — — —	370.00
— — 16 — — —	185.00

29. Vestur-Skaftafellssýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 370.00
— — 7 — — —	300.00
— — 15 — — —	370.00
— — 16 — — —	185.00

30. Rangárvallasýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 370.00
— — 7 — — —	300.00
— — 15 — — —	370.00
— — 16 — — —	185.00

31. Vestmannaeyjakaupstaður:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 570.00
— — 7 — — —	465.00
— — 15 — — —	570.00
— — 16 — — —	285.00

32. Árnessýsla:

Til fullra 4 ára aldurs	kr. 410.00
— — 7 — — —	335.00
— — 15 — — —	410.00
— — 16 — — —	205.00

Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt visitölu eins og hún verður hvern mánuð á tímabilinu ágúst 1944 til júlí 1945. Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

Félagsmálaráðuneytið, 10. júlí 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ**um leigumat á herbergjum gistihúsa.****1. gr.**

Begar eftir gildistöku þessarar reglugerðar, skulu húsaleigunefndir (úttekta-
menn í sveitum) framkvæma leigumat á öllum herbergjum gistihúsa í umdæmi sínu.

2. gr.

Við framkvæmd þessa mats skulu húsaleigunefndir kynna sér allt það, er áhrif
getur haft á leiguna, svo sem verð húsnæðisins, viðhald þess og ásigkomulag og taka
jafnframt tillit til leigu sambærilegra gisthúsherbergja fyrir strið, að viðbættri húsa-
leiguvisitölu og hlutfallslegri hækkun vegna verðhækkunar á vinnukaupi, hita, lýs-
ingu og afgangdahækkana á fasteignum, eftir því hve telja má þessa kostnaðarliði
mikinn hluta af leigugjaldinu. Einnig skal taka tillit til þess, hvort gistihús eru rekin
árlangt eða einungis hluta úr árinu.

110 Þar sem fleiri en 2 rúm eru í sama herbergi skal leigan metin fyrir hvert 19. júlí einstakt rúm.

3. gr.

Þegar eftir framkvæmd matsins skal húsaleigunefnd birta með bréfi niðurstöðu þess fyrir forstöðumanni gistihúss, og er matið bindandi fyrir gistihúsið frá þeim tíma nema áfrýjað sé til yfirhúsaleigunefndar, en það skal gert innan 3 daga frá birtingunni. Húsaleigunefnd skal þegar í stað senda félagsmálaráðuneytinu og yfirhúsaleigunefnd útskrift úr gerðabók sinni varðandi matið, og getur félagsmálaráðuneytið áfrýjað matsgerðinni til yfirhúsaleigunefndar og er það ekki bundið við framangreindan 3 daga áfrýjunarfrest.

Sé matsgerðum utan Reykjavíkur skotið til yfirhúsaleigunefndar, getur nefndin við mat sitt lagt til grundvallar skýrslu trúnaðarmanna á staðnum um ásigkomulag gistihúss og annað það, er áhrif getur haft á matið.

Yfirhúsaleigunefnd annast birtingu þeirra matsgerða, er til hennar hefur verið skotið, fyrir forstöðumanni gistihúss og ákveður frá hvaða tíma matið skuli gilda.

4. gr.

Þegar mat á herbergjum gistihúss hefur verið endanlega ákveðið skal forstöðumanni þess skylt að festa upp í fordyri gistihússins skrá yfir verð hvers einstaks herbergis eða rúms.

5. gr.

Mat það, er fram fer sumarið 1944 skal gilda til 31. maí 1945. Síðan skulu húsaleigunefndir framkvæma matið í aprílmánuði ár hvert og gildir það frá 1. júní til 31. maí n. á. Þó getur félagsmálaráðuneytið fyrirskipað endurskoðun á matinu með styttra millibili, ef ástæða þykir til.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum frá 10—10000 kr.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 16. gr. húsaleigulaga nr. 39 1943, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

111
20. júlí

AUGLÝSING

um innheimtu á veitingaskatti.

Sankvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, sem um getur í 2. gr. nefndra laga nr. 99/1933, skuli þar til öðruvísi verður ákveðið, vera kr. 5.50 frá og með 1. júlí þ. á. að telja.

Fjármálaráðuneytið, 20. júlí 1944.

F. h. r.

E. u.

Einar Bjarnason.